




Vöktun umhverfisþátta og framvindu svifþörungna í Breiðafirði



Verkefnið er styrkt af Rannís árin 2007-2009. Vinna við verkefnið hófst í maí 2007 og verður fram haldið til ársloka 2009.

Verkefnið er samvinnuverkefni milli Varar og Hafrannsóknarstofnunar. Vör annast sýnatöku, mælingar umhverfisþátta (m.a. seltu, sjávarhita og styrk súrefnis) og greiningu svifþörungna. Þörungagreiningar eru unnar í samvinnu við Agnesi Eydal, sérfræðing í greiningu þörungna á Hafrannsóknarstofnun. Sólveig Ólafsdóttir, sérfræðingur í hafefnafræði hjá Hafrannsóknarstofnun sér um greiningu efnasýna.



Markmið rannsóknar er að mæla eðlis- og efnafræðilega þætti í Breiðafirði samhliða könnun á magni og samsetningu svifþörungna. Rannsóknin mun auka skilning okkar á áhrifum umhverfisþátta á náttúrulegar sveiflur í framvindu svifþörungna í Breiðafirði. Niðurstöður rannsóknarinnar munu veita innsýn í árstíðabundnar sveiflur svifþörungna í Breiðafirði, gefa hugmynd um mikilvægi plöntusvifs fyrir afkomu dýrasvifs í Breiðafirði og skapar grunn fyrir rannsóknaverkefni M.S. og Ph.D. nema.

